

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Reykjavík 13. nóvember 2020  
UST202010-045/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - útivistarsvæði - Höfði og Ytrivogar í Skútustaðahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skútustaðahrepps er barst 6. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Höfða, Skútustaðahreppi.

Í tillögunni kemur fram að skipulagssvæðið, sem er um 54,5 ha, nær til Höfða (Hafurshöfða) og lands Kálfastrandar umhverfis Ytrivoga. Markmið tillögunnar og viðfangsefni er að bæta útivistarsvæðið með því að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningarstaða, bæta þjónustu við ferðamenn og ákvarða forsendur fyrir framkvæmdir og rekstur á svæðinu. Auk þess kemur fram að í tillögunni verða skoðaðar mögulegar útfærslur á nýju bílastæði og nýrri aðkomu við Höfða.

#### **Verndun Mývatns- og Laxárvæðisins**

Líkt og kemur fram í tillögunni er svæðið nú verndað samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Í 2.mgr. 3.gr laganna þar sem fjallað er um verndun Mývatns og Laxár segir: „*Leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. Þó skulu heimilar án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar framkvæmdir samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi stofnunin fallist á skipulagsáætlun þá sem um er að ræða.*“

Umhverfisstofnun veitir hér með umsögn um skipulagstillöguna og bendir á að með umsögninni hefur stofnunin ekki fallist á skipulagsáætlunina í skilningi 3. mgr. 17. gr. reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Leita skal því leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins, sbr. 1.-2. mgr. 17. gr. reglugerð nr. 665/2012.



Umhverfisstofnun óskar því eftir samstarfi við sveitarfélagið vegna vinnu við deiliskipulagstillöguna þar sem stofnunin veitir framkvæmdaleyfi skv. lögum nr. 97/2004 og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Í greinargerð kemur fram að markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni.

Í greinargerð kemur fram að vinna þarf ákveðna grunnvinnu sem felur m.a. í sér greiningu á þolmörkum. Fyrsta skrefið í áttina að slíkri greiningarvinnu væri talning á svæðinu yfir heilt tímabil.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða og umfang göngustíga.

### **Bakkagróður**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

### **Fuglaskoðunarhús**

Umhverfisstofnun telur jákvætt að tillagan geri ráð fyrir fuglaskoðunarhúsi á svæðinu. Hins vegar telur Umhverfisstofnun að fuglaskoðunarhús í Klösum eins og sýnt er á uppdrætti geti haft neikvæð áhrif á hraunmyndanir og á upplifun gesta sem heimsækja svæðið. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að haft verði samráð við stofnunina varðandi staðsetningu hússins, að staðsetning sé valin að kostgæfni og að húsið falli vel að umhverfi sínu.

### **Skilti**

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir upplýsingaskiltum á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skiltin séu lágstemmd, samræmd og falli vel að umhverfi sínu. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á „*Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum*“, en handbókin er samstarfsverkefni Vatnajökulspjóðgarðs, Umhverfisstofnunar, Ferðamálastofu og Þingvallahljóðgarðs.

### **Áningarstaðir og stígar**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð áningarstaða og stíga að raski verði haldið í lágmarki. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fyrirhugaðir áningarstaðir við bílastæði séu eins nálægt bílastæðum og kostur er.

### **Salerni**

Tillagan gerir ráð fyrir salernisaðstöðu á svæðinu, en að mati stofnunarinnar er mikilvægt að salernisaðstaða sé á eins fáum stöðum eins og kostur, þá fyrst og fremst til að halda raski í lágmarki, án þess þó að rýra þjónustu við þá gesti sem heimsækja svæðið.

### Akfærar gönguleiðir

Í tillögunni er gert ráð fyrir akfærri gönguleið og bendir stofnunin á mikilvægi þess að settir séu skilmálar varðandi umferð vélknúinna ökutækja um gönguleiðina.


### Göngu- og hjólastígur

Tillagan gerir ráð fyrir göngu- og hjólastíg meðfram og vestan við Mývatnssveitarveg sem Umhverfisstofnun telur vera jákvætt. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að vegurinn liggur á nokkrum stöðum nærri vatnsborðinu og bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um útfærslu og umhverfisáhrif stígsins í tillögunni. Umhverfisstofnun bendir einnig á mikilvægi þess að við gerð stígsins verði raski á vatnsbakkanum haldið í algjöru lágmarki.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur